

**Sp.**

**486. Tillaga til þingsályktunar**

[253. mál]

um talsímagjöld.

Flm.: Steingrímur Pálsson, Pétur Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson,  
Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um við póst- og símamála-  
stjórnina, að upp verði tekinn sá háttur, að talsímagjöld fyrir sjálfvirka síma verði  
á lægra gjaldi en að deginum á tímabilinu kl. 22.00 til 08.00, með það fyrir augum  
að gera símaþjónustuna hagkvæmari og ódýrari fyrir talsímanotendur.

**Greinargerð.**

Á undanförnum þingum hafa komið fram fyrirspurnir frá þingmönnum um  
samræmingu gjaldskrár og gjaldsvæða landssímans í þeim tilgangi að sameina ýmis  
gjaldsvæði, en það hefur komið fram, að vegna rekstrar- og tæknilegra atriða er  
þetta erfitt í framkvæmd. Hins vegar mun vera hægt að breyta sjálfvirka síma-  
kerfinu þannig að hafa ódýrari símtöl á ákveðnu tímabili sólarhringsins, eða hvert  
skrefgjald gildi í lengri tíma. Viða erlendis mun þessi háttur á hafður, og reynslan  
hefur sýnt, að þetta er afar vinsælt fyrirkomulag. Þá gæti þetta einnig orðið til þess  
að létta eitthvað á daglegri notkun sjálfvirku símanna, en nokkuð hefur horið á  
ofhleðslu símakerfisins á mesta annatíma dagsins.